

Sp.

626. Svar

[252. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um leiðbeiningarþjónustu í loðdýrarækt.

1. Leiðbeiningarþjónusta í loðdýrarækt, verkaskipting og samstarf félaga og stofnana.

Samkvæmt lögum er þannig skipað hlutverki þeirra stofnana sem spurt er um:

- a. Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin sjá um leiðbeiningarþjónustu við bændur, auk þess sem þau vinna ýmis úttektar- og eftirlitsstörf fyrir ríkissjóð (lög nr. 31/1973).
- b. RALA (Rannsóknastofnun landbúnaðarins) sér um rannsóknir og tilraunir og kynnr þær niðurstöður sem þar fást fyrir öllum þeim er að málinu koma (lög nr. 64/1965).
- c. Bændaskólarnir sjá um kennslu, fræðslu og námskeiðahald í loðdýrarækt, sem og í öðrum landbúnaði. Auk þess eru framkvæmdar tilraunir á skólabúunum (lög nr. 55/1978).
- d. Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar og Tilraunastöð Háskólans að Keldum sjá um heilbrigðiseftirlit, varnir gegn sjúkdómum og almennt eftirlit. Auk þess er dýralæknir í hálfu starfi við eftirlit með innfluttum loðdýrum í sóttkví (lög nr. 11/1947 og lög nr. 77/1981).
- e. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur það hlutverk m.a. að styrkja uppbyggingu nýgreina og hefur því sett töluvert fjármagn í loðdýrarækt, þar á meðal til leiðbeiningarþjónustu og félagsstarfs. Hefur sjóðurinn t.d. veitt styrki til leiðbeinenda í framhaldsnámi í loðdýrarækt (lög nr. 189/1966 og lög nr. 46/1985).
- f. Veiðistjóri skal annast útrýmingu refa og minka, auk rannsókna á háttum villtra dýra, og hefur sá þáttur starfseminnar aukist hin síðari ár (lög nr. 152/1957).
- g. Samband íslenskra loðdýraræktenda er hagsmunasamtök loðdýrabænda.
- h. Aðrir aðilar, svo sem Bygðastofnun og Rannsóknaráð ríkisins, hafa unnið að loðdýrarækt og veitt til hennar fjármagn.

Stofnanir þessar, sem eru um margt ólíkar, hafa í ýmsum verkefnum haft með sér samstarf. Má þar nefna t.d. námskeiðahald fyrir bændur, starfshóp um húsvist og byggingar og rannsóknir á íslenska melrakkanum.

2.-3. Fjármunir til leiðbeiningarþjónustu.

	1987	1988
	kr.	kr.
Hólar í Hjaltadal	2 500 000	3 100 000
Hvanneyri	2 676 000	3 000 000
Búnaðarfélag Íslands	5 749 961	
Bygðastofnun	700 000	
RALA	u.þ.b.4 500 000	
Framleiðnisjóður	7 497 000	
Yfirdýralæknir	u.þ.b.1 200 000	
Rannsóknastöð Keldum	u.þ.b.2 000 000	
SÍL	6 000 000	

Framangreint yfirlit gefur hugmynd um hversu miklu fjármagni er varið til leiðbeiningar, rannsókna og fræðslu í loðdýrarækt. Mjög erfitt getur verið í mörgum tilfellum að greina á milli verkefna, t.d. fastan kostnað, og gerir það niðurstöður ónákvæmari. Einnig er erfitt að áætla hversu mikið af fjármagni Framleiðnisjóðs kemur fram hjá öðrum aðilum. Í svari ofanefndra aðila kemur fram að fjármagn þessa árs verði með líkum hætti og mun hækka með verðbólgu. En vegna samdráttar, t.d. hjá Búnaðarfélagi Íslands, sé mjög erfitt að meta þetta nákvæmlega.

4. Skipan leiðbeiningarþjónustu og árangur hennar.

Skipan þessara mála í loðdýraræktinni er eins og mælt er fyrir í lögum og eins hjá öðrum búgreinum.

Allar þær stofnanir sem að málinu koma vinna sín verk eins vel og aðstæður leyfa, en ýmislegt hefur orðið til að þyngja róðurinn, t.d. skortur á sérmenntuðum starfsmönnum.

Þar sem loðdýrarækt er búgrein sem lýtur öðrum lögmálum á markaði en aðrar hefur hún ákveðna sérstöðu. Hagsmunasamtökin eru m.a. mjög öflug og innri starfsemi virk. Ráðuneytið hefur stutt þá og telur að það muni styrkja greinina í framtíðinni.

Loðdýrarækt hin síðari er „ung“ búgrein og því vart tímabært að meta árangur af skipan leiðbeiningarþjónustu, rannsókna- og fræðslustarfsemi. Þessi mál eru mikið til umræðu um þessar mundir og skal í því sambandi bent á nefnd er landbúnaðarráðherra skipaði og hefur það meginverkefni að fjalla um framtíðarskipan leiðbeiningarþjónustu í landbúnaði. Nefnd þessi mun skila álitum fljótlega.